



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í maí. Efni þarf að berast í síðasta lagi 3. maí 2019



Frá Bókasafni Hrunamanna



Mínum á breyttan opnunartíma í sumar.

Bókasafnið er opið í apríl:

Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 11-13

Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga **LOKAÐ**


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími um páska:
Skírdag: 13:00-18:00

Laugardag og annan í páskum: 13:00-18:00

Lokað á föstudaginn langa og páskadag.

Eftir páska:

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Sumardagurinn fyrsti og 1. maí: 13:00-18:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00



Sveitarstjórapistill

Aprílmánuður er runninn upp þó það sé nú mismikið „vor í lofti“ þá finnur maður að daginn er farinn að lengja og sólin farin að hafa sín áhrif á umhverfið og andann.

Nú er verið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2018 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu. Sveitarfélagið er rekið með nokkuð góðum afgangi og eru svo sem ýmsar ástæður fyrir því, bæði þökkalega hagstæðar ytri aðstæður og síðan hefur verið nokkuð umleikis í sveitarfélaginu og bera t.d. útsvarstekjur þess merki. Hins vegar voru engar „gjafir“ frá Jöfnunarsjóði á síðasta ári og eru reyndar ekki góð tíðindi fyrir sveitarfélögin ef á að fara að „frysta“ sjóðinn.

Við erum því þökkalega búin undir talsverðar framkvæmdir á þessu ári en hins vegar er nokkur fjárbinding ennþá vegna framkvæmda við lagningu ljósleiðara Hrunaljóss. Það er samt komin niðurstaða í styrkjamálin frá Fjarskiptasjóði en styrkir vegna seinni hluta verkefnisins nema um 32,5 millj. en hins vegar kemur sú fjárhæð til greiðslu árin 2019, 2020 og 2021 sem hentar okkur illa því verkefnið klárast á þessu ári. Heildarstyrkir vegna verkefnisins frá Fjarskiptasjóði og Byggðastofnun nemur síðan um 59 millj. Síðan hvet ég alla sem ekki eru þegar búnir að tengjast við ljósleiðarann að gera það því það hjálpar til í rekstri Hrunaljóss.

Nú eru að berast fyrstu tölur varðandi magn sem kemur í bláu og brúnu tunnuna eftir breytingarnar á sorphirðu og flokkun. Í janúar komu 5,1 tonn í bláu tunnurnar og í febrúar voru losuð um 3,4 tonn af lífrænum úrgangi úr brúnu tunnunni. Þetta sparar sveitarfélaginu umtalsverðar fjárhæðir í sorpeyðingu en betur má ef duga skal því það fer allt of mikið enn í almennan úrgang eða í febrúar um 22 tonn. Það er búið að semja við þau í Birtingarholti að koma þar fyrir grenndarstöð við afleggjarann til að skila flokkuðum úrgangi. Grenndarstöðin á að sinna suðurhluta sveitarinnar, sérstaklega sumarhúsabyggðunum, og afleggja þá í leiðinni lausa gáma við Stóru-Laxá og í Langholtsfjalli. Verið er að leggja lokahönd á nýjar úrgangssamþykktir sem skylda fyrirtæki og sumarhúsaeigendur til að flokka og síðan mun nýr opnunartími gámasvæðis vonandi bæta flokkun þar. Breytingin er sú að opið er frá 13:00-18:00 alla daga en hægt að hringja á skrifstofu Hrunamannahrepps ef upp koma neyðartilfelli til að komast inn á svæðið með ökutæki.

Sveitarstjórn er búin að skipa ruslamálaráðherra fyrir árið 2018 og hnossið hlaut Elvar Harðarsson þetta árið. Búið er að ákveða rusladaginn í Hrunamannahreppi og verður hann föstudaginn 10. maí n.k. Fyrirkomulagið verður væntanlega svipað og í fyrra þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Vil ég hvetja íbúa og fyrirtæki eindregið til að taka þátt í þessu frábæra framtaki. Þá hefur einnig verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það hún Dúna Rut Karlsdóttir sem tók það að sér. Maður er alltaf þakklátur fyrir fólk sem vill leggja samfélaginu lið með kröftum sínum í svona verkefni.

Nú liggja fyrir aðsóknartölur fyrir árið 2018 í sundlaug og tækjasal í íþróttahúsinu. Sundlaugina sóttu 11.300 manns sem er nokkur fækkun milli ára sem eflaust skýrist að mestu af frekar slæmu veðri síðasta sumar. Tækjasalinn sóttu um 2.500 mann sem er svipað á milli ára. Núna standa yfir bragabætur á búningsklefum í sundlaug, verið að vinna í að koma fyrir köldum potti og búið er að kaupa tvö ný hlaupabretti í tækjasalinn þannig að vonandi nýtir fólk sér þessa möguleika til heilsuþótar. Sem innlegg í þessa umræða hefur verið skipaður og hafið störf stýrihöpur vegna vinnu við Heilsueflandi samfélag en verkefnið er undir styrki stjórn Gunnars Gunnarssonar verkefnastjóra. Þetta er mjög spennandi verkefni sem ég efa ekki að mun skila góðum hugmyndum um að gera gott heilsueflandi samfélag betra.

Annars var tækifærið gripið þegar sundlaugin var lokuð að hægt var að bregðast við beiðni Listaháskólans um að nýta sundlaugarsvæðið til ýmissa gjörninga tengdum heitum laugum. Þar má nefna sandsturtu, þarabað, frumskógagufubað, þarais o.fl. sem tengdist þessu. Var gaman að sjá að ungir sem aldnir nýttu sér þessa uppákomu og eflaust hafa menn og konur komið endurnýjuð út úr þessari „meðferð“.

Ég vil óska þeim Óla og Ástu í Hrepphólum til hamingju með viðurkenningu Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands fyrir nautið Sjarma en það er alltaf gaman þegar fólk í þessari sveit nær árangri í ræktun. Nú vantar bara að þau Fjóla og Siggí í Birtingarholti fari með hana Randaflugu sína í taumi í heimsókn og búi til ofurkúakyn. Nafnið á stofninum gæti t.d. verið kúakynið „Randasjarmi“ sem hljómar nú eins og hindúanafn fyrir heilagan kúastofn!!!!

Þá er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatarstyrki til sveitarfélagsins en frestur til að sækja um þá er til 1. maí nk. Upplýsingar og umsóknareyðublað er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is.

Þessi pistill sveitarstjóra er óvenjulega langur því ég tók áskorun þeirri sem kom fram í árshátíðarsýningu unglingadeildar Flúðaskóla í stórstykkinu „Tíminn flýgur áfram“ með því að skrifa óvenjulega langan og leiðinlegan pistil !! Annars verður maður að þakka krökkunum og skólanum fyrir afbragðsafþreyingu í leik og söng. Þá er núna búið að redda nafni á elliheimilið og væntanlega hárgreiðslustofu í sveitarfélaginu sem myndi þá vera „Elliheimilið Ellimörk“ og „Hárgreiðslustofan Hárrétt“.

Megum við eiga gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Gámasvæðið á Flúðum!! Breyttur opnunartími.

Opið frá kl: 13:00-18:00 alla daga


Ef einhver þarf nauðsynlega að losa úrgang á öðrum tímum er hægt að hafa samband við Skrifstofu Hrunamannahrepps í síma: 480 6600 og finna tíma.

Páskamarkaður í vinnustofunni Kjallaranum

Þann 12.apríl frá kl. 13-16 verður páskamarkaður í Kjallaranum og er um að gera að kíkja við hjá okkur. Einnig verður tombóla með skemmtilegum vinningum. Það verður kaffi á könnunni fyrir þá sem vilja. Hlökkum til að sjá ykkur.





Sími 899-2910 

Apríl/maí 2019

www.pizzavagninn.is

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
4. apríl	5. apríl Brautarholt 18:00-20:30	6. apríl Reykholt 18-21
11. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	12. apríl Flúðir 18-21	13. apríl Borg 18:00-20:30
18. apríl	19. apríl Árnes 18:00-20:30	20. apríl Reykholt 18-21
25. apríl Sumardagurinn fyrsti	26. apríl Flúðir 18-21	27. apríl Lokað í dag
2. maí	3. maí Brautarholt 18:00-20:30	4. maí Reykholt 18-21

Grænna land ehf.

Hellulagnir
Áburðargjöf
Beðahreinsun
Garðsláttur
Garðaúðun
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600





Hann blés það hressilega á Flúðum á dögunum að tré rifnuðu upp með rótum!!

Aðalfundur Hrunasóknar verður haldinn í safnaðarheimili Hrunakirkju mánudagskvöldið **15. apríl kl. 20.00.**
Venjuleg aðalfundastörf og kosningar. Kjósa þarf 3 aðalmenn og 3 varamenn til setu í sóknarnefnd til 4 ára. Unnsteinn Hermannsson, Aðalsteinn Þorgeirsson og Sigrún Hermannsdóttir gefa ekki kost á sér áfram. Einnig þarf að kjósa skoðunarmenn reikninga og kjörnefnd.
Kaffi og kræsingar í boði.
Sjáumst!
Sóknarnefndin.

Afréttargirðing.


Auglýst er eftir aðilum til að taka að sér viðhald á afréttargirðingu á Hrunamannaafretti sumarið 2019, og/ eða endurnýjun girðingar á ca. 3 km. kafla frá afréttarhliði.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra

fyrir 15. apríl í síma :

480 6600 eða á netfang:

jon@fludir.is



Opinn fundur GróLindar í Árnessýslu

Landgræðslan býður til kynningar- og samráðsfundar um verkefnið

GróLind, mat og vöktun á gróður- og jarðvegsauðlindum Íslands.

Á fundunum verður fjallað um aðferðafræði verkefnisins m.a. ástands-

mat, þróun sjálfbærnivísa fyrir landnýtingu, kortlagningu beitilanda,

beitaratferli sauðfjár (GPSkindur) og samstarf við landnotendur.

Brautarholti

Mánudagur 8. apríl

Kl. 20:30

Landgræðslan hvetur fólk til að mæta og taka virkan þátt í þróun verkefnisins.



WWW.GROLIND.IS Landgræðslan

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara,
í Heimalandi á Flúðum.

Skoðað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki
berast umsóknir fyrir 29. apríl nk.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu
Hrunamannahrepps í síma 480 6600
eða á netfang: hruni@fludir.is



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðapjónustu
og viðburði í Uppsveitunum



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Samkaup strax

Flúðum

Opnunartími Vetur 2019

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga : 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvítæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvítækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldisilungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafríar mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flóðum
Hrunamannshrepp

@litlamelabudin
www.facebook.com/litlamelabudin/



Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastigur 8, 845 Flúðir



Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalat með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

Eftirréttir

Sveppáis	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK




We serve what we grow



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturmar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á booking@farmersbistor.is og s. 519-0808

 farmersbistro, farmersbistro.is

Opið bréf til samgönguráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar,
og svæðisstjóra Vegagerðarinnar, Svans G. Bjarnasonar.

Áskorun um vegabætur í Hrunamannahreppi

Við undirritaðir erum orðnir langþryggtir á slæmum vegi frá gatnamótunum við Flúðir og upp að Hruna. Umferð eftir þessum vegi hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Þyngst vegur trúlega aukinn ferðamannastraumur að nóttu sem degi að Hrunalaug. Einnig er stöðug umferð árið um kring að kirkju- og sögustaðnum Hruna en þangað eiga vel á fimmta hundrað manns kirkjusókn. Þá eru ónefnd þau öll sem fara um veginn búsetu sinnar vegna en fjölmargt heimilisfólk á bæjunum ferðast daglega og stundum oft á dag um þennan umrædda veg.

Þvottabretti og djúpar holur eru því miður helstu einkenni þessa vegakafla flestar vikur ársins, okkur til stöðugrar armæðu og farartækjum til tjóns. Þá leiðist okkur innihaldslítið tal um að vegabætur á þessum spotta séu á áætlun í ófyrirséðri framtíð. Aðgerða er þörf og viljum við því skora á ykkur forystumenn í samgöngumálum okkar að beita ykkur fyrir því að bundið slitlag á þennan vegakafla verði sett í forgang.

Einlæg er von okkar nágrannanna um að við báðir fáum að upplifa það sem stendur í vísunni eftir Loft Ámundason sem ort var af öðru tilefni:

Hvílík breyting um helgar traðir,
hefur ei sést um áraraðir.
Til kirkjunnar allir geysast glaðir,
því Guðs vegir eru nú malbikaðir.

Með kærri kveðju og von um góðar viðtökur.

Ási, 27. mars 2019.



Eiríkur Steindórsson, Ási



Óskar Hafsteinn Óskarsson, Hruna

Afrit sent sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Hvatagreiðslur

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-,lista og tólmstundaiðkunar skv. reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2019

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu

Hrunamannahrepps, í íþróttahúsinu og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Tilnefningar til umhverfisverðlauna Hrunamannahrepps 2019

Umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Hrunamannahrepps fyrir árið 2019. Hægt er að tilnefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og félagastarfsemi fyrir störf í þágu umhverfis í nær eða fjærumhverfi. Tilnefningar ásamt smá rökstuðningi óskast sendar á netfangið umhverfisnefnd@fludir.is fyrir 1. maí 2019. Einnig er hægt að koma tilnefningum til skrifstofu Hrunamannahrepps.

Umhverfisverðlaunin verða afhent 17. júní.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps

Vinnustofan Kjallarinn

Í Vinnustofuna Kjallarann er alltaf hægt að koma með efni til endurvinnslu. Um að gera að losa sig við efni með því að endurvinna og skapa atvinnu í leiðinni. Við erum dugleg að koma því áfram sem nýtist okkur ekki svo ekki hika við að koma. Við tökum meðal annars á mót:

- * Kertaafgöngum og ílátum sem henta fyrir kertagerð.
- * Handklæðum og borðdúkum, sængufötum og lökum.
- * tvinna og borðum
- * inni og úti málningu
- * Mdf plötum, furu spýtum og vatnsheldum krossvið.

Viljum líka minna á að alltaf er hægt er að koma við hjá okkur ef ykkur langar að versla hjá okkur. Við erum við á mánudögum og miðvikudögum frá 9-12 og 13-14.30 og föstudögum frá 9-12.

Hægt er að hringja fyrir uppl. í síma 6906024

Kveðja Vinnustofan Kjallarinn, Heimalandi Flúðum

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Kótilettukvöld.

Nú er loksins komið aftur að hinum sívinsælu kótilettukvöldum.

24. apríl, síðasta vetrardag.
25. apríl, sumardaginn fyrsta.
og
26. apríl, föstudagskvöld.

Hlaðborð kl. 19:00 – 21:00

Gamaldags kótilettur í raspi með soðnum kartöflum, grænum baunum, rauðkáli og rabbarbarasultu.

Sama verð og síðast, 3.200 kr.

Borðapantanir í síma 774 7440





HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Páskahátíðin nálgast og að þessu sinni verða tvær fermingaratahafnir á þeim tíma. Páskamessur í prestakallinu verða tvær. Að lokinni hátíðarmessu í Hruna kl. 8 býður sóknarnefnd þar upp á morgunverð í safnaðarheimilinu. Að venju verður Passíusálmalestur í Hrepphóla­kirkju á föstudaginn langa með þátttöku fermingar­barna og fjölskyldna þeirra, sem og eldri borgara og annarra úr prestakallinu. Boðið verður upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu á meðan á lestrinum stendur. Helgihaldið framundan er sem hér segir:

14. apríl – pálmásunnudagur: *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11. Fermd verða:

Alda Sól Hauksdóttir, Ásum

Anna Lovisa Duerholt, Glóruhlíð

Freydís Júlía Guðmundsdóttir, Vestra-Geldingaholti

Þrándur Ingvarsson, Þrándarholti 4

18. apríl – skírdagur: *Ferming* í Hrepphóla­kirkju kl. 13. Fermdar verða:

Guðrún Lilja Árnadóttir, Galtafelli

Valdís Una Guðmannsdóttir, Langholtskoti

19. apríl – föstudagurinn langi: *Passíusálmalestur* í Hrepphóla­kirkju frá kl. 13 til 17:30.

21. apríl – páskadagur: *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8 og *hátíðarmessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

25. apríl – sumardagurinn fyrsti: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Lok barnastarfs.

Gleðilega páska – sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 11. júní til og með 12. júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2003–2005.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 26. apríl á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is



Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2019
Föstudaginn 10. maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjálts þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrkri stjórn ruslamálaráðherra, Elvars Harðarsonar Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Í lokin er þátttakendum síðan boðið í grillveislu í Lækjargarðinum á Flúðum

Með vinsemd og virðingu,
Umhverfisnefnd og

Elvar Harðarson Ruslamálaráðherra 2018.

 **VÖRÐUKÓRINN**

Vortónleikar Vörðukórsins

Félagsheimilinu Flúðum miðvikudagskvöldið


17. apríl kl. 20.30

Stjórnandi Eyrún Jónasdóttir

Undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir

Miðaverð 3.000

Frítt fyrir 14 ára og yngri.





Listaháskólinn var með allskyns uppákomur í og við sundlaugina á Flúðum. Hægt var að smakka þarais, fara í sandsturtu, þarabað, ísbað og frumskógargufubað svo eitthvað sé nefnt.

Fögrusteinar

Túnfang

Bændur athugið!

Nú styttest í vorið og gott að fara að huga að vorverkum. Við tökum að okkur jarðvinnu, sáningu, áburðardreifingu. Erum t.d. með 8 m pinnatætara og fullkominn tölvustýrðan áburðardreifara.

Svo í sumar þegar kemur að heyskap getum við gert allt sem gera þarf s.s. slá, snúa, raka, rúlla, binda stórbagga og gera stæður.

Upplýsingar í síma **8941130 Siggi** einnig má senda fryirspurnir á netfangið **fogrusteinar@fogrusteinar.is**





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 18.00 - 21.30

*Frá og með 19. apríl, er opið
alla daga frá kl. 11.00 til 21.30*


Open everyday from 18.00 – 21.30

From the 19th of April: 11.00 – 21.30

Verið velkomin!
Everyone welcome!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is



100 ÁRA AFMÆLI

KVENFÉLAGS GRÍMSNESHREPPS

VIÐ VILJUM FÁ ÞIG
MEÐ Í FÖGNUM!

MATUR, SKEMMTUN OG BALL
SÍÐASTA VETRARDAG 24. APRÍL
FÉLAGSHEIMILIÐ BORG

MATSEÐILL:

Grafin laxarós á salatbeði

Glóðarsteikt jurtakryddað lambalæri
eða pönnusteikt rauðsprettu

Skýr brulée með karamelluhnetum og rjómatoppi

- SKEMMTIATRÍÐI -

VEISLUSTJÓRI: ANNA MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR

BRIMNES LEIKUR FYRIR DANSI

HÚSIÐ OPNAR KL 19.00 MEÐ FORDRYKK BORDHALD HEFST 19.30

DANSLEIKUR HEFST UM KL 23.00

MÍÐASALA Í SÍMA: 781-7220 EÐA Í NETFANGIÐ: HILDURM66@GMAIL.COM

MÍÐAVERÐ MATUR OG BALL: 7.900KR

MÍÐAVERÐ BALL: 2.900KR





Hrunamannahreppur

Skólaakstur—Flúðaskóli

Laus er til umsóknar akstursleiðin: Syðra-Langholt, Miðfell, Flúðir, frá og með 20. ágúst 2019.

Skólabílstjóri þarf að hafa öll tilskilin réttindi til aksturs farþega og bifreið sem notuð verður skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til skólaaksturs sbr. reglugerð 656/2009. Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og þjónustulipur og hann þarf að hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 1. maí.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma: 480 6610 eða netfang: johannalilja@fludaskoli.is.

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Kæru félagar 60+ nú er vetrarstarfinu senn að ljúka eftir skemmtilegan vetur. Síðasta opna hús vetrarins verður 17.apríl í Félagsheimilinu kl.14:00. Verður þar spilað bingó og auðvitað kaffið á sínum stað.

Gönguferðir hefjast 7.maí og verður farið frá Félagsheimilinu kl.10:30.

Skemmtiferð verður farin 24.júní og verður auglýst nánar síðar.

Höldum áfram að hafa gaman saman.
Kveðja stjórnin.

Fræðsla um slitgigt

Fyrri skipti: þriðjudaginn 9. apríl kl. 18:00 -19:00

Seinna skipti: fimmtudaginn 11. apríl kl. 18:00 -19:00

Félagsheimilinu Borg

Í fræðslunni verður farið yfir helstu ástæður slitgigtar, hvað er slitgigt, meðferðarúrræði og sjálfshjálp.

Kennari og fyrirlesari er Þórfriður Soffía Haraldsdóttir löggildur sjúkraþjálfari. Þórfriður hefur réttindi frá danska slitgigtarskólanum GLA:D (Godt liv med artrose i Denmark).

Eldri borgarar sérstaklega velkomnir

Slitgigt (arthrosis) er algengasti liðasjúkdómurinn og má segja að allir sem lifa fram á efri ár fái þessa gigt. Sjúkdómurinn getur verið mjög hamlandi fyrir einstaklinga og skert lífsgæði þeirra.

Einkenni sjúkdómsins eru fyrst og fremst verkir í liðum, oft tengdir áreynslu. Einkennin eru oftast sveiflukennd og í byrjun er oft um að ræða væg köst tengd áreynslu. Kvöld- og næturverkir eru algengir og einnig finna sjúklingar oft fyrir veðurbreytingum. Smám saman vilja einkennin þó verða meira samfelld en þetta er hægfara sjúkdómur.

Slitgigtarskóli hefur verið starfræktur á Selfossi í rúmt ár við góðar viðtökur og einstaklingar hafa fundið til minni verkja, bætt styrk sinn og hreyfistjórn en einnig minnkað verkjalyfjakammt.

Leikskólafréttir

Þegar styttest í vorið er við hæfi að senda inn smá fréttir af leikskólanum. Núna í byrjun apríl eru 47 börn á leikskólanum og eins og gefur að skilja þá þarf að fjölga starfsfólki þegar börnum fjölgar. Í lok mars byrjaði Anna Dagbjört Styrmissdóttir hjá okkur í afleysingastöðu og núna 1. apríl byrjaði Guðbjörg Bjarnar Guðjónsdóttir á Móakoti um leið og tvö börn bættust þar í hópinn.

Frá áramótum hefur ýmislegt verið á dagskránni hjá okkur fyrir utan hefðbundið starf. Börnin sungu fyrir eldri borgarana á samkomu í Félagsheimilinu og varð til smá skemmtisaga í tengslum við það. Börnin voru spurð hvort þau vissu hvað eldri borgarar væru og ýmsar uppástungur komu en okkur fannst sú kenning að eldri borgara væru gamlir hamborgarar, ansi skemmtileg. Tengingar sem börnin sjá eru oft augljósar þegar horft er til íslenskunnar 😊



Við höldum þorablót, Dagur leikskólans var vel heppnaður og margir kíktu í heimsókn og eins var á karla og kerlingadögum, segja má að það hafi verið húsfyllir. Við vorum með tannverndarviku þar sem undirrituð dustaði rykið af tannfræðingnum, var með fræðslu fyrir börnin og foreldrar fengu upplýsingar um mikilvægi tannheilsu.

Innleiðing nýrra persónuverndarlaga hefur tekið nokkurn tíma en við erum á góðu róli hvað það varðar.

Töluvert hefur verið um veikindi starfsfólks og höfum við þurft að bregða á það ráð að biðla til foreldra að hafa börnin heim ef þess er nokkur kostur. Ég vil nota tækifærið og þakka foreldrum fyrir góð og jákvæð viðbrögð sem hafa orðið til þess að við höfum ekki þurft að senda börnin heim og loka deildum.



Til þess að við getum haft leikskóla þar sem fólk leggur sig fram og er ánæggt í vinnunni er mikilvægt að samfélagið, sveitarstjórn og ekki síst foreldrar standi við bakið á okkur og það er okkar upplifun að svo sé hér í Hrunamannahreppi.

Á leikskólanum Undralandi fjölgar fagfólki og við hvetjum þá sem eru í vinnu hér til að efla sig í námi. Það er á margan hátt „lúxus“ hjá okkur að hafa starfsfólk í deildarstjórastöðum sem eru með leikskólakennaramenntun eða langt komnar með námið. Eins fjölgar fagmenntuðum á deildum, leikskólakennarar og leikskólaliðar. Svo má ekki gleyma að við erum með þroskaþjálfara í stöðu sérkennslustjóra. Leiðbeinendur á leikskólanum eru duglegir að sitja námskeið til að efla sig í starfi.



Víða á landsbyggðinni, og á höfuðborgarsvæðinu, eru kannski einu fagmenntuðu einstaklingarnir í stjórnunarstöðum og enginn fagmenntaður inni á deild. Við eigum að gera sömu kröfu og grunnskólar með að manna allar stöður með leikskólakennurum. Eins og segir í lögum eiga að vera að lágmarki ²/3 hlutar stöðugilda leikskólakennara við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>

Á leikskólanum starfar fagfólk sem ber hag barnanna fyrir brjósti, hér snúum við bókum saman og tókum brosandí við nýjum áskorunum á hverjum degi. Fyrir hönd starfsmanna á Undralandi, Ingibjörg Leikskólastjóri



Þjónusta Hrunamannahrepps við eldri borgara.

Eldri borgarar fá þjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni aldraðra. Markmið þessara laga er að tryggja að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þarfir hvers og eins. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti eins lengi og unnt er búið við eðlilegt heimilislíf en sé jafnframt tryggð stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf. Helstu þættir þjónustu við aldraða er stuðningsþjónusta á vegum sveitarfélaga, heimahjúkrun á vegum heilsugæslustöðva, dagvistun, hvíldarinnlagnir, búseta í dvalar- eða hjúkrunarheimilum.

Það er á ábyrgð sveitarfélaga að sjá um að veita þjónustu inn á heimili, þar sem hinn aldraði fær aðstoð við heimilsihald, persónulegt hreinlæti, félagslegan stuðning og heimsending matar. Hrunamannahreppur rekur velferðarþjónustu í samvinnu við 6 önnur sveitarfélög í Árnassýlu. Þegar aldraður einstaklingur vill sækja um þjónustu heim hefur hann samband við forstöðumann heimþjónustu sem staðsettur er á Heilsugæslunni í Laugarási. Forstöðumaður fer í heimsókn til viðkomandi og metur þörfina á stuðningsþjónustu. Þörf fyrir stuðningsþjónustu er mjög einstaklingsbundin og er metin í hverju tilviki fyrir sig. Markmið með stuðningsþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum, við sem eðlilegastar aðstæður. Aðstoð er veitt við það sem hinn aldraði getur ekki lengur gert sjálfur. Þegar forstöðumaður og hinn aldraði í sameiningu hafa lagt mat á þjónustubörf er gerður þjónustusamningur þar sem fram kemur hvaða verk viðkomandi þarf aðstoð við og hversu oft og lengi í senn viðkomandi þarf stuðningsþjónustu. Algengast er að veita þjónustu við almenn heimilisþrif og er sú þjónusta allajafna veitt hálfsmánaðarlega. Gjald er tekið fyrir aðstoð með þrif en önnur stuðningsþjónusta er endurgjaldslaus. Gjaldskrá er uppfærð árlega og er tekjutengd. Gjaldflokkar eru þrír (0 kr., 600 kr., 850 kr.) og miðar ákvörðun um gjaldflokk við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur.

Hrunamannahreppur býður upp á heimsendingu matar til þeirra sem eiga erfitt með að sjá um matseld. Matur frá skólamötuneyti á Flúðum, er keyrður til þeirra eldri borgara sem þurfa á því að halda og er þjónustan í boði alla virka daga í hádeginu. Greitt er kr. 700 fyrir hádegismat og kr.

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar
verður haldinn í húsi félagsins,
að Smiðjustíg 8 Flúðum,
sunnudagskvöldið 28.apríl kl 20:00.
Dagskrá fundar er venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir.
Stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar

● FLÚÐIR

11.
APRÍL

OPINN ÍBÚAFUNDUR UM ATVINNU- OG MENNINGARMÁL

Í tengslum við mótun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024

- **Atvinnumál** kl: 14:00-16:00 kaffi hressing
- Menningarmál** kl: 16:30-18:30 kaffi hressing
- Flúðir – Félagsheimilið Flúðum**



sass.is



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Árshátíð unglíngastígs í Flúðaskóla skólárið 2018-2019

Miðvikudagskvöldið 27. mars héldu nemendur unglíngastígs í Flúðaskóla árshátíð sína með pompi og prakt. Nokkur hefð hefur skapast fyrir því að sett sé á svið leikrit á unglíngastígi, en það var í fyrsta skipti gert árið 2014. Á þessum árum hafa mörg snilldarverkin verið sett upp. Vinnan í kringum sýningarnar hefur þróast og breyst. Nú er svo komið að allir nemendur í

8.-10. bekk taka þátt í árshátíðarvali. Í ár hófst valið í nóvember.

Kennarar og nemendur sem leggja í hugmyndavinnu með efnistöð og smátt og smátt verður til leikverk sem í ár ber heitið *Tíminn flýgur áfram*. Verkið gerist á þremur æviskeiðum í lífi nokkurra einstaklinga. Það er í senn fyndið, hefur boðskap að færa og þar fá að njóta sín ótrúlegir hæfileikar nemenda okkar. Þar er sungið, leikið, grátið og hlegið. Gríðarleg vinna liggur að baki sýningu sem þessari. Nemendur hafa staðið sig frábærlega og það sama á svo sannarlega við um kennarana sem halda utan um valið. Leiðandi í þessu starfi er Árni Þór Hilmarsson. Í ár var árshátíðarvalið unnið í samtarfi við Stefán Þorleifsson í Tónsmiðju Suðurlands.

Það er ómetanlegt að fá að fylgjast með vinnu sem þessari og sjá glæsilegan afrakstur starfsins. Það er geysilega mikið nám sem á sér stað í þessu ferli, og gaman að sjá einstaklingana blómstra, hvern á sínum forsendum, hvort sem það er í leik, söng, tæknimálum, hugmyndavinnu, sem sviðsmenn eða við leikmuna- og leikmyndagerð.

Skólastjórnendur Flúðaskóla





Páskatölmót Freyju og Icehest

Hestamannafélög uppsveitanna, Smári, Logi og Trausti standa saman fyrir Páskatölmóti í samstarfi við sælgætisverksmiðjuna Freyju og Icehest.

Mótið verður haldið 17. apríl næstkomandi en það er miðvikudagskvöld fyrir Skírdag. Mótið hefst kl : 19:00 og verður haldið í Reiðhöllinni á Flúðum.

Keptt verður í öllum flokkum: Barnaflokk, Unglingaflokk, Ungmennaflokk, Áhugamannaflokk og Opnum flokk.

Barnaflokkurinn er tölt T7 en allir hinir flokkarnir eru tölt T3.

Skráning hefst 9. apríl og endar 13. Apríl inn á Sportfeng.

Skráningargjaldið er 4000kr í alla flokka

Mótið er opið öllum

Páskakveðjur frá Mótanefnd